



FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Arnarhváli 150 Reykjavík
sími: 545 9200 bréfasími: 562 8280
netfang: postur@fjr.stjr.is
www.fjarmalaraduneyti.is

Fréttatilkynning

Nr.: 16/2007

Efni: **Breytingar á lánaumsýslu ríkissjóðs**

Fjármálaráðherra hefur ákveðið að fela Seðlabanka Íslands útgáfu innlendra markaðsverðbréfa ríkissjóðs sem Lánasýsla ríkisins annast nú, en bankinn annast nú þegar umsýslu erlendra lána ríkissjóðs.

Í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á íslensku fjármálaumhverfi og á stöðu ríkisins á lánamarkaði er nú talið mögulegt að framkvæma lánaumsýslu ríkissjóðs með hagkvæmari hætti en verið hefur með því að flytja verkefni stofnunarinnar til Seðlabanka Íslands. Í Danmörku og Noregi sjá seðlabankar landanna um lánaumsýslu ríkissjóðs á grundvelli samninga milli fjármálaráðuneytis og þeirra.

Helstu kostir þess að hafa heildarumsjón lánamála ríkissjóðs á einum stað eru að með því fæst betri yfirsýn og skilvirkari lána-, gjaldeyris- og lausafjárstýring og hagræðing næst hvað varðar fastan kostnað og nýtingu starfsmanna. Þar sem eitt meginhlutverk Seðlabankans snýr að peningamálastjórnun, sem þarf ekki alltaf að fara saman við hagkvæma lánastýringu ríkissjóðs, er hins vegar gert ráð fyrir að í samningi við Seðlabankann um þau verkefni sem Lánasýslan hefur haft með höndum, verði skýrt kveðið á um verkskiptingu milli aðila og um ákvörðunarvald fjármálaráðuneytisins í lánamálum og endanlegt úrslitavald ráðuneytisins gagnvart framkvæmd samningsins.

Samningurinn, sem undirritaður var í dag, tekur gildi frá 1. október n.k. Lýkur þar með starfsemi Lánasýslu ríkisins en stofnunin verður síðan formlega lögð niður með lögum.

Reykjavík 4. september 2007